

**Ed.**

**205. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hafnsögu í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og telur það þarft og vandað að frágangi, að öðru leyti en því, að hún hefði kunnað því betur, að getið hefði verið í 6. gr. helstu lagaákvæða þeirra, er úr gildi eru felld. Hún ræður þó hæstv. deild til að samþykkja frv. óbreytt, þar sem hún telur athugasemdirna hjer að framan eigi svo þýðingarmikla, að frv. eigi að fara aftur til hv. Nd. vegna lagfæringar á 6. gr.

Alþingi, 24. maí 1918.

Guðjón Guðlaugsson,  
form.

Jóh. Jóhannesson,  
fundaskr. og ritari.

Magnús Torfason.